



98. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 19.
mars 2024
og hófst hann kl. 12:30

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri og Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri

Dagskrá:

1. 202402028 - Tillaga um húsnæði fyrir eldri borgara á Fljótsdalshéraði

Stjórn félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði kemur til fundar við fjölskylduráð til þess að ræða hugmyndir félagsins um starfsemi fyrir eldra fólk. Samtal við stjórn félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði um aðstöðu í Hlymsdölum og almennt um starfsemi fyrir eldra fólk í Múlapingi. Félagsmálastjóra falið að funda með stjórninni, forstöðumanni Hlymsdala og öðrum félögum eldri borgara í sveitarfélaginu.

Fjölskylduráð þakkar stjórninni fyrir komuna og samtalið sem veitti innsýn í óskir og vilja félagsmanna um starfsemi á Egilsstöðum fyrir eldra fólk.

2. 202403141 - Heilsuefling eldri borgara - Janusar verkefnið

Magnús Árni Gunnarsson, verkefnastjóri íþróttamannvirkja í Fjarðabyggð kemur til fundar við fjölskylduráð og kynnir hugmyndir að samstarfi í heilsueflingu eldra fólks í fjórðungnum.

Fjölskylduráð þakkar fyrir gott samtal um heilsueflingu eldra fólks. Félagsmálastjóra og formanni falið að vinna málið áfram.

3. 202403140 - Fæðingarþjónusta á Austurlandi

Tekin er til umfjöllunar sú staða sem upp er komin í fjórðungnum vegna lokunar á fæðingarveild sjúkrahússins á Neskaupsstað.

Það er með öllu óviðunandi að fjölskyldur séu settar í þá stöðu að þurfa að sækja fæðingarþjónustu út fyrir landshlutann vegna lokunar fæðingarveildar á fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupsstað. Því fylgir áhætta og óvissa á viðkvæmum tíma í lífi fjölskyldunnar og þegar síst skal auka álag og streitu. Fjölskylduráð vísar umræðunni til sveitarstjórnar og leggur til að samtal fái við HSA og heilbrigðisráðuneytið um það sem betur þarf að gera til að ástandið sé



viðunandi til frambúðar.

Samþykkt samhljóða.

4. 202311045 - Samræmd móttaka flóttafólks

Borist hafa drög að nýjum samningi um samræmda móttöku flóttamanna frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Á fundi sveitarstjórnar Múlapings þann 15. nóvember 2023 var samþykkt að framlengja samning um móttöku flóttafólks við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið að því gefnu að tekið yrði tillit til takmarkana varðandi móttöku, sem eru að húsnæðisaðstaða sem er í boði er á Eiðum, sem og að gert yrði ráð fyrir kostnaði vegna almenningssamgangna milli Egilsstaða og Eiða. Þar sem þessum forsendum hefur ekki verið mætt, leggur fjölskylduráð til að samningur við ráðuneytið verði aðeins framlengdur til maí loka yfirstandandi árs.

Samþykkt samhljóða.

5. 202309159 - Haustþing SSA og aðgerðaráætlanir 2023

Sveitarstjórn Múlapings óskar eftir umsögn fjölskylduráðs varðandi æskilega þróun Loftbrúar, einkum með tilliti til ferðalaga íþróttafólks.

Fjölskylduráð tekur undir bókun ungmennaráðs og áréttar að kostnaður vegna skipulagðs íþrótt- og tómstundastarfs fjarri suðvesturhorninu er meiri en sanngjarnt gæti talist í samanburði við þá iðkendur sem búa nær og á höfuðborgarsvæðinu.

6. 202205380 - Kosning fulltrúa í embætti, stjórnir, ráð og nefndir

Ný skipan í öldungaráð Múlapings lögð fram og kynnt.

Lagt fram til kynningar.

7. 202403142 - Punktur frá fundi bakhóps um málefni fólks með fötlun

Punktur frá fundi bakhóps um málefni fólks með fötlun lagðir fram til kynningar.

8. 202403143 - Samráðsgátt, Breytingar á réttindagæslulögum

Frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fatlaðra.

Lagt fram til kynningar.

9. 202403144 - Samráðsgátt, Drög að frumvarpi vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfisins

Tekin eru til umfjöllunar úr samráðsgátt drög að frumvarpi vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfisins.



Lagt fram til kynningar.

10. 202403145 - Samráðsgátt - 115. mál Búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum

Tekin eru til umfjöllunar úr samráðsgátt 115. mál er varðar búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Lagt fram til kynningar.

11. 202305269 - Skýrsla félagsmálastjóra 2024

Félagsmálastjóri reifar málefni sviðsins frá síðasta fundi ráðsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

